

# **Stefnumörkun í málefnum eldra fólks**


## **- skúffugagn eða raunhæf áform?**

Tryggvi Þórhallsson  
lögfr. hjá sambandinu



# Straumar ...

- Valdefling - horfið frá forræðishyggju
- Geðheilbrigði - viðhorfsbreyting
- Húsnæðismál - ríkir hagsmunir
- Velferðartækni og fjarþjónusta
- Bann við mismunun vegna aldurs
- Kynslóðabreyting - krafa um lífsgæði
- Engin þolinmæði gagnvart því hvernig kerfin skipuleggja sig



# Lítill dæmisaga

- Lagafrumvarp 2018
- Álit velferðarnefndar
- Verið er að endurskoða lög nr. 38/2018
- Ekkert bólar á endurskoðun laga nr. 125/1999
- Mikill metnaður þingmanna fyrir hönd sveitarfélaga en ef fé fylgir ekki orðum þýðir það bara að þynnra er smurt
- Á notandinn val um það hvert hann sækir sína þjónustu?
  - Kostnaðarhlutdeild notenda í öldrunarþjónustu veldur vanda

3. gr.

*Réttur til þjónustu.*

Fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félagsþjónustu, húsnæðismála, menntunar, vinnumarkaðar, öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Opinberum aðilum ber að tryggja að sú þjónusta sem veitt er skv. 1. mgr. sé samfelld og að aldurstakmark 3. gr. verði fellt brott úr frumvarpinu. Engu síður beinir nefndin því til velferðarráðuneytisins að nauðsynlegt er að endurskoða lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, til að skerpa á verkaskiptingu milli málaflokka.




vegna aldurstengdra ástæðna þegar tekin er afstaða til þess hvort hann eigi rétt til þjónustu samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða skerðingu sem rekja má til aldurs skal veita þjónustu á grundvelli laga um málefni aldraðra.

# Um einskis manns land

- Heilbrigðisþjónusta ↔ Umönnun ↔ Félagsþjónusta
- Hver á að veita langtímaumönnun inni á heimilum eldra fólks?
- Stefnumörkun er vegvísir: í senn landakort og vegabréf
- Án stefnumörkunar ríkir tregðulögmálið:

*Sérhver hlutur heldur áfram að vera í kyrrstöðu [...] nema kraftar sem á hann verka þvingi hann til að breyta því ást*

Isaac Newton 1687



# ... og stefnur

- STÓRANefndin 2011-2013
- Stefnumótun 2016
- Fjarheilbrigðisþjónusta
- Geðheilbrigðismál
- Velferðartækni
- Heilbrigðisstefna til 2030
- Aðgerðaáætlun 2019-2023
- Fyrirkomulag öldrunarþjónustu



# Lýðheilsan í farvegi



- „Létti“ endinn
- Skýrsla ⇒ Aðgerðaáætlun
- Kostnaðarmatið hefði mátt vera ítarlegra
- Umfang aðkomu sveitarfélaga mun væntanlega aukast á komandi árum
- Brýning Karls Björnssonar á hér vel við: Vöktum útgjöldin!



# Og hvað svo? - veruleiki dagsins

Bolli gerði grein fyrir verkaskiptingu milli ráðherra velferðarráðuneytisins á sviði öldrunarþjónustu. Undir heilbrigðisráðherra falla hjúkrunarheimili, dvalarheimili, dagvistun og framkvæmdasjóður aldraðra. Aðrir þættir svo sem stefnumörkun falla undir félags- og húsnæðismálaráðherra.

Skiptingin nú formgerð í tveimur aðskildum ráðuneytum

Er vænlegt til árangurs að stefnumörkun sé á forræði eins ráðuneytis ... en 95% af fjármagninu er á forræði annars ráðuneytis?

Engu er líkara en möguleikar til samþættingar og samlegðar séu markvisst útilokaðir - er það æskileg staða?

Ráðuneyti öldrunarmála?

Skrifstofur um málaflokkinn í ráðuneytum félagsmála og heilbrigðis?

# Störukeppni?

*Horfumst við í augu  
sem grámyglur tvær.  
Sá skal vera músin, sem mælir,  
Kötturinn, sem sig skækir,  
Fíflið, sem fyrr hlær,  
folaldið, sem fyrr lítur undan,  
Og skrímslið, sem skína lætur í tennurnar.*






Eða snýst þetta um Svartapétur?



# Ný skýrsla

- Er þessi nýja skýrsla sá kraftur sem þarf til þess að rjúfa kyrrstöðuna?
- Samráðsviljinn
- Reykjavíkurborg og Akureyri
- Gjáin í málaflokknum
- Er TRAUSTIÐ til staðar?
- Liggur kannski hundurinn þarna grafinn?



# Ótrúlega ólík staða

Að mati sambandsins verður það meginatriði umræðunnar á komandi misserum að ná samstöðu um hækkun á því hlutfalli opinberra skatttekna sem varið er til beinnar þjónustu við eldra fólk. Nauðsynlegt er að þessu viðbótarfjármagni verði ráðstafað á grundvelli skýrrar forgangsröðunar til þess að byggja upp samfellda og samþætta þjónustu við eldra fólk á heimili sínu.

Gagnvart sveitarfélögum felst þetta í tvennu: Annars vegar að bæta í núverandi þjónustu til þess að ná viðmiðum um þann félagslega stuðning sem íbúar eiga rétt til að fá inni á heimili sínu. Ýmis sveitarfélög hafa þegar stigið þessi skref og eru þau sérstaklega nefnd í drögunum sem lengst eru komin (Reykjavíkurborg og Akureyri).

Hins vegar er það sameiginlegt verkefni bæði ríkis og sveitarfélaga að bæta við umfang öldrunarþjónustu til þess að mæta lýðfræðilegri þróun.


- Ábati verður til - hvernig á að skipta honum?
- Við verðum að horfa á hið opinbera sem eina heild!

## Hlutfall félagsþjónustu af skatttekjum aðalsjóðs 2019

Sveitarfélag	00 Skatttekjur	02 Félagsþjónusta	Hlutfall
0000 Reykjavíkurborg	108,716,166	28,756,992	26%
6000 Akureyrarkaupstaður	16,932,943	4,142,405	24%
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	4,380,434	872,598	20%
1604 Mosfellsbær	10,013,143	1,953,287	20%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	24,290,487	4,484,444	18%
3000 Akraneskaupstaður	6,337,032	1,130,947	18%
1100 Seltjarnarneskaupstaður	3,686,842	611,852	17%
8200 Sveitarfélagið Árborg	7,947,485	1,180,334	15%
1300 Garðabær	13,655,714	1,999,793	15%
1000 Kópavogsbær	29,352,464	4,073,168	14%
7620 Fjótisdalshérað	3,767,013	510,472	14%
8716 Hveragerðisbær	2,324,222	312,401	13%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	953,366	128,117	13%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	2,163,405	267,214	12%
2510 Suðurnesjabær	3,349,547	397,342	12%
2000 Reykjanesbær	15,032,474	1,717,504	11%
3609 Borgarbyggð	3,711,671	412,434	11%
2506 Sveitarfélagið Vogar	1,143,599	125,925	11%
2300 Grindavíkurbær	3,051,758	334,050	11%
7300 Fjarðabyggð	5,518,917	602,326	11%
4200 Ísafjarðarbær	3,592,667	376,498	10%
6611 Tjörneshreppur	45,883	4,697	10%
8000 Vestmannaeyjabær	3,747,854	369,451	10%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	2,412,118	225,778	9%
3709 Grundarfjarðarbær	863,707	79,383	9%
5604 Blönduósibær	950,503	86,300	9%
6400 Dalvíkurbyggð	1,904,236	168,403	9%
5609 Sveitarfélagið Skagatrönd	511,872	42,964	8%
3714 Snæfellsbær	1,857,734	146,002	8%
8710 Hrunamannahreppur	734,460	57,116	8%
5611 Skagabyggð	114,275	8,729	8%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	616,814	46,130	7%
6602 Grýtubakkahreppur	379,215	27,885	7%
5706 Akrahreppur	198,621	14,537	7%
6100 Norðurþing	2,821,947	200,138	7%
8614 Rangárþing ytra	1,569,904	106,902	7%
4911 Strandabyggð	493,074	33,211	7%
6513 Eyjafjarðarsveit	986,648	66,146	7%
5508 Húnaþing vestra	1,186,263	77,553	7%
6706 Svalbarðshreppur	100,977	6,565	7%
4502 Reykhólahreppur	341,398	21,969	6%
5612 Húnavatnshreppur	417,210	26,748	6%
4803 Súðavíkurhreppur	271,923	17,333	6%
8613 Rangárþing eystra	1,689,142	105,498	6%

# Brúarsmíðin

- Hvernig smíðar maður brú?
- Hönnuð fyrirfram
- Byggð frá hvorum bakka
- Ákveðið hvar brúarsporðarnir munu mætast
- Öryggisnetið
- Hugsa til framtíðar



# ... og svarið er?

- Raunhæf áform ef ...
  - Stefnumörkunin er kostnaðarmetin og samþykkt
  - Brúin er hönnuð fyrirfram og byggð á trausti
  - Öryggisnetið er til staðar
  - Ákveðið hvar sporðarnir mætast
- Skúffugagn ef menn halda áfram að spila svartapétur

Takk fyrir.